

L ö g

um ábyrgðarfjelög.

Nr. 62.
22.
nóvbr.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk hinnar dönsku lífsábyrgðarstofnunar ríkisins, hins almenna brunabótafjells kaupstaðanna í Danmörku og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en hlutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, eða fjelög, sem rekið hafa ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 2 ár, er lög þessi öðlast gildi, enda fullnægi þau öll skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og váttryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fáí ábyrgðir hjá þeim.

2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, einn eða fleiri, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slík löggilding er gefin, skal fjelagið afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að það hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður, sá er í hlut á, er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Ábyrgðarskírteini skulu vera á íslensku, og skal þar tekið fram, hvar varnarþing sje. Að því er til sjóváttryggingar kemur, skal það þó vera á valdi þess, sem ábyrgðar leitar, hvort hann vill fá ábyrgðarskírteini á íslensku eða á útlendu máli.

Nú vill erlent ábyrgðarfjelag eigi gjalda það fje, sem það hefir verið skyldað til með íslenskum dómi, og skal þá stjórn Íslands sjá um, að þeim dómi verði fullnægt. Kostnað tekur hún úr landssjóði, en gjalda skal dómhafi hann aftur, þá er hann hefir fengið leiðrjetting mála sinna.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist gagnvart váttryggjendum fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi. Tilkynna skal hann stjórnarráðinu, hverjir sjeu undirumboðsmenn.

Nr. 62.

3. gr.

22.
nóvbr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög.

4. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. gr., uppvíst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi, eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

5. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir apríllok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

6. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. nóvember 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.